

Verkefni B

Læsi

Verkefni á
íslensku

1

Stig 2

3

Nemendur sem lesa og skrifa



Skolverket



Yfirlit

Formáli	3
Textahefti 1	
Ljónið og refurinn	5
Landakort af eyju	7
Sporðrekinn	9
Textahefti 2	
Sporðrekinn	12
Gráðugi maðurinn	14
Kartöflulögur	16
Textahefti 3	
Sporðrekinn	19
Kartöflulögur	21
Svefn	23
Mjólk	25
Borgir heimsins	28
Heimildir	30



Formáli

Hér á eftir eru *Verkefni B - Textahefti*. Verkefnin notar þú með *Viðtals- og skráningargrunni B* og *Matsgrunni fyrir Verkefni B*.

Leiðbeiningar um fyrirlögn verkefna eru í *Viðtals- og skráningargrunni B*.

Skráðu svör nemandans við verkefnunum í matsgrunninn. Athugaðu að svarmöguleikarnir, til dæmis „Já og Nei“, koma í annarri röð á svarblaði nemandans ef tungumál hans er lesið frá hægri til vinstri.

Hvert verkefni eru tvær blaðsíður, texti og svarblað nemandans með lesskilningsspurningum. Upplýsingar um hvernig þú velur verkefni fyrir nemandann er að finna í kennsluleiðbeiningunum (sjá bls. 6-7). Prentaðu út verkefni á eina síðu í lit svo að nemandinn geti séð textann og spurningarnar samtímis.

Afhentu túlkinum afrit af verkefnunum sem þú valdir bæði á íslensku og á tungumáli nemandans.

Um þýðingarnar

Stundum eru notuð mismunandi afbrigði af ritmáli tungumálsins í hinum ýmsu löndum eða landsvæðum. Ef til er opinbert ritmál hefur það verið notað við þýðingarnar.

Í formála að *Verkefnum B* í hinum ýmsu tungumálum eru upplýsingar um hvaða tungumálaafbrigði voru valin við þýðingarnar og annað sem túlkurinn og þú gætuð þurft að taka tillit til.

Aðlögun verkefna fyrir nemendur með sérþarfir

Ef þú lest upp eða spilar upptöku fyrir nemendur með mikla sjónskerðingu þarft þú að aðlaga verkefni sem eru með myndum og gröfum. Hafðu samband við sérkennara ef þörf þykir.

Textahefti 1

- Texti 1. Ljónið og refurinn. Lýstu myndinni.
- Texti 2. Landakort af eyju. Slepptu verkefninu.
- Texti 3. Sporðrekinn. Lýstu sporðrekanum á myndinni (á einnig við um textahefti 2 og 3).

Textahefti 2

- Texti 3. Kartöfluflogur. Notaðu alvöru kartöfluflogur (á einnig við um textahefti 3).

Textahefti 3

- Texti 3. Svefn. Grafinu má sleppa. Spurningar 3 og 4 eru úr grafinu og má þess vegna sleppa.
- Texti 5. Borgir heimsins. Línuritinu má sleppa. Spurningar 2 og 4 byggja á upplýsingum úr línuritinu og má því sleppa.

Frekari upplýsingar má finna í *Aðlögun fyrir nemendur með sérþarfir*.

Textahefti 1



Textahefti 1, texti 1

Ljónið og refurinn

Ljónið lá í helli sínum.

Lá þar bæði dag og nótt.

Það heyrðust aðeins litlar og þreytulegar stunur frá því.

– Það er veikt, hugsuðu dýrin og vorkenndu því.

Þau hófu að fara inn í helli ljónsins með smá gjafir.

En refurinn fór ekki inn.

Ljónið spurði með mjúkri röddu:

– Af hverju kemur þú ekki inn, vinur minn? Allir hinir hafa verið hér.

– Ég ætlaði að koma, sagði refurinn en ég sá fótspor og varð hræddur. Öll sporin liggja inn í hellinn þinn en engin spor eru út úr hellinum. Þess vegna staðnæmist ég nú fyrir utan.



Spurningar við „Ljónið og refurinn“

Svarið eftirfarandi spurningum um textann með Já eða Nei


	Já	Nei
1. Var ljónið í helli sínum allan tímann?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2. Fór refurinn inn til ljónsins?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3. Gaf refurinn ljóninu gjafir?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4. Hafði ljónið étið hin dýrin?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Eftirfarandi spurningum svarar þú munnlega.

5. Getur þú stuttlega og með eigin orðum sagt hvað textinn fjallar um?
6. Heldur þú að ljónið hafi verið veikt? Af hverju heldur þú það?
7. Var refurinn snjallari en hin dýrin? Af hverju heldur þú það?
8. Heldur þú að þú getir lært eitthvað af þessari frásögn?

Af hverju heldur þú það?

Textahefti 1, texti 2 Landakort af eyju



Spurningar við „Landakort af eyju“

Krossaðu við það svar sem þú heldur að sé rétt.
Þú mátt bara krossa einu sinni.

1. Hver af þessum stöðum liggur næst höfninni?

A Kaupstaðurinn

B Vatnið

C Sveitabærinn

2. Hver af þessum stöðum er norðan við kaupstaðinn?

A Flugvöllurinn

B Skógurinn

C Sveitabærinn

3. Ef þú gengur frá kaupstaðnum í átt að vatninu, í hvaða átt gengur þú þá?

A Norður

B Vestur

C Austur

4. Hugsaðu þér að þú farir í göngu á eyjunni. Fylgdu fyrirmælunum.

- Byrjaðu í þorpinu.
- Fylgdu veginum að höfninni.
- Beygðu til vinstri við önnur gatnamót.
- Haltu áfram þar til vegurinn endar.
- Hvar ert þú þá?

• Við:

A Sveitabæinn

B Kaupstaðinn

C Höfnina

Textahefti 1, texti 3

Sporðrekinn – margfætla með brodd

Það er ekki góð hugmynd að stinga fingrunum inn í holur í veggjum eða milli steina ef þú dvelur í heitum landsvæðum. Maður ætti einnig að hrista skóna sína ef þeir hafa staðið ónotaðir einhverja stund. Þeir eru kannski ekki tómir lengur. Því að sporðrekum líkar ekki við birtu heldur liggja helst í holum og öðrum myrkum rýmum yfir daginn. Sporðrekar lifa í heitum löndum alls staðar á jörðinni en við sjáum þá sjaldan.

Stinga bráð sína til bana

Sporðrekar geta verið mjög eitraðir, jafnvel þó svo að flestar tegundir séu ekki lífshættulegar mannfólkinu. Þeir verða einn til tuttugu sentimetrar að lengd eftir tegundum. Allir hafa þeir eiturbrodd í enda halans. Þegar sporðreki ætlar að drepa bráð sína beygir hann halann upp yfir hrygginn og stingur bráðina sem hann heldur fastri með klónum. Hræddur sporðreki snýr sér eldsnöggv við til að geta beint broddinum að óvininum.

Sporðrekinn veiðir stórar köngulær og önnur skordýr á nóttunni. Þeir þreifa sig áfram með klónum, grípa bráðina og drepa með eiturbroddi sínum.



Sporðrekinn

Spurningar við „Sporðrekinn – margfætla með brodd“

Svaraðu eftirfarandi spurningum með Já eða Nei.

- | | Já | Nei |
|--|--------------------------|--------------------------|
| 1. Þrífst sporðrekinn í myrkri? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 2. Geta allir sporðrekar drepíð fólk? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 3. Eru allar tegundir sporðreka jafn stórar? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 4. Veiðir sporðrekinn bráð sína með klónum? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |

Eftirfarandi spurningum svarar þú munnlega.

5. Getur þú stuttlega og með eigin orðum lýst hvað textinn fjallar um?
6. Í textanum um sporðrekann stendur að maður eigi að hrista skóna sína. Af hverju ætti maður að gera það? Af hverju heldur þú það?

Textahefti 2



Textahefti 2, texti 1

Sporðrekinn – margfætla með brodd

Það er ekki góð hugmynd að stinga fingrunum inn í holur í veggjum eða milli steina ef þú dvelur í heitum landsvæðum. Maður ætti einnig að hrista skóna sína ef þeir hafa staðið ónotaðir einhverja stund. Þeir eru kannski ekki tómir lengur. Því að sporðrekum líkar ekki við birtu heldur liggja helst í holum og öðrum myrkum rýmum yfir daginn. Sporðrekar lifa í heitum löndum alls staðar á jörðinni en við sjáum þá sjaldan.

Stinga bráð sína til bana

Sporðrekar geta verið mjög eitraðir, jafnvel þó svo að flestar tegundir séu ekki lífshættulegar mannfólkinu. Þeir verða einn til tuttugu sentímetrar að lengd eftir tegundum. Allir hafa þeir eiturbrodd í enda halans. Þegar sporðreki ætlar að drepa bráð sína beygir hann halann upp yfir hrygginn og stingur bráðina sem hann heldur fastri með klónum. Hræddur sporðreki snýr sér eldsnöggt við til að geta beint broddinum að óvininum.

Sporðrekinn veiðir stórar köngulær og önnur skordýr á nóttunni. Þeir þreifa sig áfram með klónum, grípa bráðina og drepa með eiturbroddi sínum.



Sporðrekinn

Spurningar við „Sporðrekinn – margfætla með brodd“

Svaraðu eftirfarandi spurningum með Já eða Nei.

	Já	Nei
1. Þrífst sporðrekinn í myrkri?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2. Geta allir sporðrekar drepð fólk?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3. Eru allar tegundir sporðreka jafn stórar?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4. Veiðir sporðrekinn bráð sína með klónum?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Eftirfarandi spurningum svarar þú munnlega.

5. Getur þú stuttlega og með eigin orðum lýst því hvað textinn fjallar um?
6. Í textanum um sporðrekann stendur að maður eigi að hrista skóna sína. Af hverju ætti maður að gera það? Af hverju heldur þú það?

Textahefti 2, texti 2

Gráðugi maðurinn

Gráðugur maður seldi allar eigur sínar og bræddi gullið saman í einn stóran gullklump. Gullklumpinn gróf hann í jörðu á lóð sinni við rætur trés eins. Á hverjum degi gekk hann að trénu. Dag einn sá nágranni til ferða hans og skildi strax hvað málið snerist um. Þegar gráðugi maðurinn var farinn stökk nágranninn til og gróf upp gullklumpinn og tók með sér.

Þegar gráðugi maðurinn kom síðan næsta dag til að líta eftir fjársjóði sínum sá hann einungis holu. Í örvæntingu sinni byrjaði hann að gráta og rífa hár sitt. Vinur sem átti leið fram hjá velti fyrir sér hvað gengi á. Gráðugi maðurinn sagði frá hvað hefði gerst.

–Æ, æ, var það bara þetta sagði vinurinn, þá hefur þú ekkert til að vera leiður yfir. Því gullið var eiginlega aldrei þitt. Taktu stein og settu í holuna í staðinn og ímyndaðu þér að það sé gullklumpurinn. Þú munt hafa jafnmikla ánægju og not af því.

Spurningar við „Gráðugi maðurinn“

Krossaðu við það svar sem þú heldur að sé rétt.
Þú mátt bara krossa einu sinni.

1. Hvernig eignaðist gráðugi maðurinn gullklumpinn?
 - A Hann keypti hann af nágranna
 - B Hann bjó hann til úr peningum.
 - C Hann fann hann á lóðinni.

2. Hvers vegna fór gráðugi maðurinn að trénu á hverjum degi?
 - A Til þess að grafa niður meira gull.
 - B Til þess að grafa upp gullið sitt.
 - C Til þess að líta eftir gullinu sínu.

3. Hvað er hægt að læra af frásögninni?
 - A Að maður eigi að deila sínu ríkidæmi með öðrum.
 - B Að maður getur bara glaðst yfir ríkidæmi sem nýtist.
 - C Að maður eigi alltaf að hlusta á nágranna og vini.

Eftirfarandi spurningum svarar þú munnlega.

4. Getur þú stuttlega og með eigin orðum sagt hvað textinn fjallar um?
5. Af hverju heldur þú að gráðugi maðurinn hafi selt allt sem hann átti?
Af hverju heldur þú það?
6. Hvers vegna fannst vini hans að hann hefði eins vel getað grafið niður stein í holuna?
Af hverju heldur þú það?

Textahefti 2, texti 3

Kartöfluflogur



Kartöfluflogur eru þunnar djúpsteiktar kartöflusneiðar sem tilheyra umtöluðustu uppfinningu nítjándu aldar. Til eru ýmsar sögusagnir um hver það var sem fann þær upp og hóf að selja þær. Næstum ómögulegt er að segja til um hvort einhverjar þessara sagna séu sannar.

Útbreiddasta sögusögnin er um kokkinn George Crum. Hinn 24. ágúst 1853 reyndi Crum að verða við óskum óánægðs viðskiptavinar. Hann skar þunnar kartöflusneiðar, steikti þær og saltaði og því lyktaði með því að hinn óánægði viðskiptavinur varð mjög ánægður. Sagan getur mjög vel verið sönn en það liggur fyrir að fleiri kokkum datt hið sama í hug á nítjándu öldinni. Í Bandaríkjunum er minnst á svipaðar hugmyndir í nokkrum matreiðslubókum og eitthvað svipað þróaðist í Bretlandi á sama tíma.

Það var fyrst upp úr 1890 sem kartöfluflogur fóru að seljast í matvöruverslunum. Það var 1920 sem djúpsteikingarpotturinn var fundinn upp og hin eiginlega aukning í framleiðslu og sölu á kartöfluflogum fór af stað fyrir alvöru vegna einföldunar á framleiðsluaðferðinni. Næstu áratugi á eftir breyttust umbúðirnar þannig að einfaldara var að dreifa vörunni lengri vegalengdir í Bandaríkjunum. Í Evrópu gerðist þetta ekki fyrr en í kringum 1950.

Spurningar við „Kartöfluflogur“

**Krossaðu við það svar sem þú heldur að sé rétt.
Þú mátt bara krossa einu sinni.**

- Hvers vegna skrifar höfundur þennan texta?
 - Til að fræða lesandann um sögu kartöfluflogunnar.
 - Til að gleðja lesandann með skemmtilegri sögu.
 - Til að kenna lesandanum hvernig kartöfluflogur eru búnar til.
- Er vitað hver fann upp kartöfluflogurnar?
 - Já, það var George Crum.
 - Nei, það eru nokkrir einstaklingar sem koma til greina.
 - Nei, en við vitum hvar þær voru fundnar upp.

**Hvað fullyrðingar eru réttar miðað við það sem stendur í textanum?
Krossaðu Já eða Nei við hverja fullyrðingu.**

- | | Já | Nei |
|---|--------------------------|--------------------------|
| 3. Við vitum nokkurn veginn hve lengi kartöfluflogur hafa verið borðaðar. | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 4. Evrópa var fyrsti heimshlutinn sem seldi kartöfluflogur. | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 5. Það voru fleiri en ein ástæða fyrir því að farið var að borða kartöfluflogur á tuttugustu öldinni. | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |

Eftirfarandi spurningu svarar þú munnlega

- Getur þú stuttlega og með eigin orðum sagt um hvað textinn fjallaði?

Textahefti 3



Textahefti 3, texti 1

Sporðrekinn – margfætla með brodd

Það er ekki góð hugmynd að stinga fingrunum inn í holur í veggjum eða milli steina ef þú dvelur í heitum landsvæðum. Maður ætti einnig að hrista skóna sína ef þeir hafa staðið ónotaðir einhverja stund. Þeir eru kannski ekki tómir lengur. Því að sporðrekum líkar ekki við birtu heldur liggja helst í holum og öðrum myrkum rýmum yfir daginn. Sporðrekar lifa í heitum löndum alls staðar á jörðinni en við sjáum þá sjaldan.

Stinga bráð sína til bana

Sporðrekar geta verið mjög eittraðir, jafnvel þó svo að flestar tegundir séu ekki lífshættulegar mannfólkinu. Þeir verða einn til tuttugu sentimetrar að lengd eftir tegundum. Allir hafa þeir eiturbrodd í enda halans. Þegar sporðreki ætlar að drepa bráð sína beygir hann halann upp yfir hrygginn og stingur bráðina sem hann heldur fastri með klónum. Hræddur sporðreki snýr sér eldsnöggt við til að geta beint broddinum að óvininum.

Sporðrekinn veiðir stórar köngulær og önnur skordýr á nóttunni. Þeir þreifa sig áfram með klónum, grípa bráðina og drepa með eiturbroddi sínum.



Sporðrekinn

Spurningar við „Sporðrekinn – margfætla með brodd“

Svarið eftirfarandi spurningum með Já eða Nei.

	Já	Nei
1. Þrífst sporðrekinn í myrkri?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2. Geta allir sporðrekar drepð fólk?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3. Eru allar tegundir sporðreka jafn stórar?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4. Veiðir sporðrekinn bráð sína með klónum?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Eftirfarandi spurningum svarar þú munnlega.

5. Getur þú stuttlega og með eigin orðum lýst því hvað textinn fjallar um?
6. Í textanum um sporðrekann stendur að maður eigi að hrista skóna sína. Hvers vegna ætli maður eigi að gera það? Af hverju heldur þú það?

Textahefti 3, texti 2

Kartöflulögur

Kartöflulögur eru þunnar djúpsteiktar kartöflusneiðar sem tilheyra umtöluðustu uppfinningu nítjándu aldar. Til eru ýmsar sögusagnir um hver það var sem fann þær upp og hóf að selja þær. Næstum ómögulegt er að segja til um hvort einhver þessara sagna séu sannar.



Útbreiddasta sögusögnin er um kokkinn George Crum. Hinn 24. ágúst 1853 reyndi Crum að verða við óskum óánægðs viðskiptavinar. Hann skar þunnar kartöflusneiðar, steikti þær og saltaði og því lyktaði með því að hinn óánægði viðskiptavinur varð mjög ánægður. Sagan getur mjög vel verið sönn en það liggur fyrir að fleiri kokkum datt hið sama í hug á nítjándu öldinni. Í Bandaríkjunum er minnst á svipaðar hugmyndir í nokkrum matreiðslubókum og eitthvað svipað þróaðist í Bretlandi á sama tíma.

Það var fyrst upp úr 1890 sem kartöflulögur fóru að seljast í matvöruverslunum. Það var 1920 sem djúpsteikingarpotturinn var fundinn upp og hin eiginlega aukning í framleiðslu og sölu á kartöflulögum fór af stað fyrir alvöru vegna einföldunar á framleiðsluaðferðinni. Næstu áratugi á eftir breyttust umbúðirnar þannig að einfaldara var að dreifa vörunni lengri vegalengdir í Bandaríkjunum. Í Evrópu gerðist þetta ekki fyrr en í kringum 1950.

Spurningar við „Kartöfluflogur“

**Krossaðu við það svar sem þú heldur að sé rétt.
Þú mátt bara krossa einu sinni.**

1. Hvers vegna skrifar höfundur þennan texta?
 - A Til að fræða lesandann um sögu kartöfluflogunnar.
 - B Til að gleðja lesandann með skemmtilegri sögu.
 - C Til að kenna lesandanum hvernig kartöfluflogur eru búnar til.

2. Er vitað hver fann upp kartöfluflogurnar?
 - A Já, það var George Crum.
 - B Nei, það eru nokkrir einstaklingar sem koma til greina.
 - C Nei, en við vitum hvar þær voru fundnar upp.

**Hvað fullyrðingar eru réttar miðað við það sem stendur í textanum?
Krossaðu Já eða Nei við hverja fullyrðingu.**

- | | Já | Nei |
|---|--------------------------|--------------------------|
| 3. Við vitum nokkurn veginn hve lengi kartöfluflogur hafa verið borðaðar. | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 4. Evrópa var fyrsti heimshlutinn sem seldi kartöfluflogur. | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 5. Það voru fleiri en ein ástæða fyrir því að farið var að borða kartöfluflogur á tuttugustu öldinni. | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |

Eftirfarandi spurningu svarar þú munnlega

6. Getur þú stuttlega og með eigin orðum sagt um hvað textinn fjallaði?

Textahefti 3, texti 3

Svefn

Allir þurfa að sofa, bæði mannfólkið og dýrin. En hvers vegna? Ekki einu sinni vísindamenn hafa svarið við því. Ekki heldur hvað gerist þegar við sofum. En við þurfum að sofa – á því er enginn vafi. Án svefns deyjum við.

Svefn er eins konar hvíld. Þú verður ekki var við hvað gerist í kringum þig. Hægt er að segja að þú sért meðvitundarlaus þegar þú sefur. Ekki þó þannig að það sé ekki hægt að vekja þig.

Hringrás svefnsins

Svefninn gerist í endurtekinni hringrás sem er um það bil 90 mínútur að lengd. Hver hringrás samanstendur af fimm stigum, sjá grafið yfir hringrás svefnsins.

Draumsvefn og djúpsvefn


Fimmta stigið nefnist draumsvefn.

Þá hreyfast augun hratt og það er þá sem okkur dreymir.

Draumsvefninn er léttur, því við sofum ekki djúpt. Draumsvefninn kemur á 90 mínútna fresti og stendur yfir í fjórðung svefntímans. Annað stigið er djúpsvefninn. Það er þá sem líkaminn nær sér og við verðum betri í að nema nýja hluti. Í djúpsvefninum styrkist þekkingin þannig að hún festist í minninu á einfaldari hátt.

Ná upp svefni

Ef þú ferð mjög seint að sofa einn dag er auðvelt að halda að þú þurfir að sofa tvöfalt meira næstu nótt. En sú er ekki raunin. Líkaminn er nokkuð góður í að bæta upp tapaðan svefn. Þegar þú sefur of lítið bætir þú það upp með því að sofa dýpra næst.



Spurningar við „Svefn“

Hvaða fullyrðingar eru réttar miðað við það sem skrifað er um svefn í textanum. Krossið við Já eða Nei eftir hverja fullyrðingu.

	Já	Nei
1. Vísindamenn vita hvers vegna fólk þarf svefn.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2. Í draumsvefninum sefur maður laust.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3. Okkur dreymir stærstan hluta nætur.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4. Það er léttara að vera vakin fyrir draumsvefninn en eftir hann.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Kláraðu setninguna með því að setja kross við það svar sem þú heldur að sé rétt. Þú mátt aðeins krossa einu sinni.

5. Ef maður hefur sofið of lítið eina eða tvær nætur ...
- A Þarf maður tvöfaldan svefn næstu nótt til að bæta það upp.
- B Getur líkaminn bætt það upp með dýpri svefni næstu nótt.
- C Verður maður að fara að sofa snemma næsta kvöld til að bæta sér upp tapaðan svefn.

Eftirfarandi spurningu svarar þú munnlega

6. Getur þú stuttlega og með eigin orðum sagt um hvað textinn fjallaði

Textahefti 3, texti 4

Mjólk

Lesendabréf

Í Svíþjóð fá allir nemendur hádegismat í skólanum og oft mjólk með. Á seinni árum hefur umræðan um það hvort það sé hollt að drekka mjólk komið fram. Hér getur þú lesið hvað tveimur mismunandi einstaklingum finnst um að það sé boðið upp á mjólk í skólanum.

1.

Gefið nemendum vatn í stað mjólkur

Kúamjólk í skólanum er ekki eðlilegt. Mannfólkið er eina dýrategundin sem neytir mjólkur annarrar dýrategundar.

Okkar gömlu góðu hugmyndum um kúamjólk var snúið við í stórra rannsókn Háskólans í Uppsöllum. Þetta gátum við lesið um í dagblaðinu á miðvikudaginn. Vísindamennirnir hafa fundið út að mikil neysla mjólkur leiðir til styttra lífs og aukinna beinbrota.

Kúamjólk er hvorki góð fyrir lýðheilsu eða umhverfi. Þess vegna er það tímabært að við tökum burtu mjólkina úr sænskum skólum og í staðinn kennum nemendum nýjar drykkjarvenjur sem gagnast umhverfinu, nefnilega að slökkva þorstann með vatni.

Anders Svensson
Fulltrúi samtakanna
Borðið grænmeti

2.

Mjólk er nauðsynleg með skólamatnum

Svar til Anders Svensson

Anders Svensson vill ekki að börn fái mjólk í skólanum. Við og SP erum á annarri skoðun. Öll börn eru þess virði að fá ókeypis mjólk í skólanum.

Mjólk inniheldur 18 af 22 næringarefnum sem við þurfum dag hvern og tryggir það að börnin fái þá næringu sem þau þurfa hvern dag í skólanum. Í löndum þar sem matarskortur er getur mjólkinn verið lífsnauðsynlegur næringargrunnur fyrir mörg börn. Þar fyrir utan hafa nýjar rannsóknir sýnt fram á að hádegisverðurinn í skólanum inniheldur ekki nægilega næringu ef börnin fá ekki mjólk með matnum.

Næringarfræðingurinn Ulla Rosander við Háskólann í Kristianstad hefur greint næringarinnihald í skólamatnum sem 10 ára börn í þremur skólum í bæ einum í Svíþjóð borðuðu á einni viku. Í skólunum var sami matseðill. Niðurstaðan var sú að það var nauðsynlegt fyrir börnin að drekka mjólk með matnum og enn mikilvægara fyrir þau börn sem borðuðu litla skammta af matnum eða höfðu of litinn tíma til að borða. Þörf var fyrir mjólkina til að börnin fengju nægjanlegt af t.d. kalsíum, vítamín B-12 og magnesíum.

Petra Strandberg
Fulltrúi sænskra mjólkurbænda

Spurningar við „Lesendabréf“

Krossið í það svar sem þú álitur rétt.
Þú mátt bara krossa einu sinni.

1. Af hverju finnst Strandberg mjólk vera mikilvæg fyrir nemendur?
 - A Mjólk gerir það að verkum að börn borða meira í skólanum.
 - B Mjólk gerir það að verkum að maður lifir lengur.
 - C Mjólk inniheldur mikið af næringarefnum.

2. Af hverju finnst Svensson að nemendur eigi að drekka vatn í stað mjólkur?
 - A Vatnið er ódýrara en mjólk.
 - B Vatnið er betra fyrir umhverfið.
 - C Vatnið slekkur þorsta betur.

3. Hvað sýna rannsóknir samkvæmt textanum?
 - A Að það getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif að drekka mjólk.
 - B Að skólamaturinn hefur nægilegt næringarinnihald án mjólkur.
 - C Að mikil neysla mjólkur styrkir beinin.

4. Hvers vegna skrifar Strandberg í blaðið?
 - A Hún vill útskýra af hverju henni finnst Svensson vera á villigötum.
 - B Hún vill útskýra hvers vegna vatn er gott fyrir umhverfið.
 - C Hún vill ekki að börnin borði of lítinn mat í skólanum.

Hvaða fullyrðingar sem skrifaðar eru um mjólk í textanum eru réttar?
Krossið við Já eða Nei eftir hverja fullyrðingu.

- | | Já | Nei |
|---|--------------------------|--------------------------|
| 5. Svensson fullyrðir að maður lifi styttra ef maður drekkur of mikla mjólk | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 6. Svensson og Strandberg vitna í sama vísindamann í sínum lesendabréfum. | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 7. Vísindamenn virðast á sama máli hvað varðar áhrif mjólkur. | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |

Eftirfarandi spurningum svarar þú munnlega.

8. Getur þú stuttlega og með eigin orðum sagt um hvað textinn fjallar?
9. Hvor textinn sannfærði þig mest? Af hverju finnst þér það?

Textahefti 3, texti 5

Borgir heimsins stækka ört

Péttbýlismyndunin í heiminum eykst hraðar og hraðar. Samkvæmt spám SP mun íbúatala í borgum aukast um 2,4 milljarða til ársins 2050. Til þess að allir komist fyrir gætu borgirnar stækkað þannig að þær muni ná yfir landsvæði sem er jafnstórt og Indland.

Á tuttugustu öldinni fjölgaði fólki sem bjó í borgum í heiminum úr 220 milljónum í 2,8 milljarða. Samkvæmt SP bjó í fyrsta skipti árið 2008 fleira fólk í borgum og bæjum en í dreifbýli.


Árið 2013 var áætlaður fjöldi borgarbúa í heiminum um 3,6 milljarðar en samkvæmt spám SP verður hann um 5 milljarðar 2030 og nær 6 milljörðum árið 2050. Í Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku býr nú þegar meirihluti af heildaríbúafjölda í borgum og bæjum. Asía og Afríka standa frammi fyrir ógnarfjölgun í péttbýliskjörnum.

Stækkandi borgir, bæði möguleikar og vandamál

Stækkandi borgir geta þýtt miklar áskoranir þar sem hin vaxandi péttbýlismyndun leiðir bæði til heilsu og umhverfisvandamála. Það getur til dæmis verið loftmengun og skortur á hreinlæti. Hins vegar bjóðast í borgum möguleikar sem ekki finnast í dreifbýlinu eins og fleiri atvinnumöguleikar, betri heilsugæsla og möguleikar til menntunar.

Orku-, flutnings- og samgöngubörfín getur minnkað ef fólk býr þéttar og það hefur jákvæð áhrif á loftslagið.

Íbúapróun í heiminum 1961–2012 og spá 2013–2050



J. Moström, www.scb.se (publicerad 2013-10-10)

Spurningar við „Borgir heimsins stækka ört“

Krossaðu í það svar sem þú álitur rétt.

Þú mátt bara krossa einu sinni.

1. Hver eru, samkvæmt textanum, aðal neikvæðu áhrifin af því að fólk flytur til borganna?
 - A Versnandi áhrif á umhverfið í borgunum.
 - B Borgirnar breiðast út.
 - C Flutninga- og samgöngupörfin eykst.

2. Hve margir íbúar munu um það bil búa í borgum og bæjum 2040?
 - A Um það bil 6,4 milljarðar
 - B Um það bil 3,6 milljarðar
 - C Um það bil 5,7 milljarðar

3. Hver er helsta ástæða fyrir fjölgun í borgum samkvæmt textanum?
 - A Það er umhverfisvænna í borgum.
 - B Það eru betri lífsskilyrði í borgum.
 - C Það er einfaldara að hreyfa sig um set í borgum.

4. Hvernig skiptist íbúafjöldi heimsins milli borga og dreifbýlis 1961?
 - A Um það bil tvöfalt fleiri bjuggu í dreifbýlinu en í borgum.
 - B Fleira fólk bjó í borgum en í dreifbýli.
 - C Jafn margir bjuggu í borgum og í dreifbýlinu.

Eftirfarandi spurningum svarar þú munnlega

5. Getur þú stuttlega og með eigin orðum sagt frá því um hvað textinn fjallar?
6. Í textanum stendur að fleiri og fleiri muni búa í borgum. Hvað kosti telur þú að það gæti haft í för með sér að búa frekar í dreifbýli? Af hverju heldur þú það?

Heimildir

Aisopos. Den girige. I: *Aisopos' fabler*. Ny översättning av Erik Hedén med illustrationer av Arthur Rackham. 1919. Stockholm: Svenska andelsförlaget. (bearbetad)

Aronsson, Karin & Stellan Ottosson, 1993. Lejonet och räven. I: K. Aronsson & S. Ottosson; illustrationer I-K Eriksson & M. Korotyńska, *Min läsebok Blå rosen*. 2:a uppl. Stockholm: Liber. (bearbetad)

Borgström, Håkan, 2010. Sover kroppen när du sover? I: H. Borgström. 2010. *Kroppens mysterier*. Enschede: Borgströms Förlag. (bearbetad)

Carlberg, Jonas, 2014. Mjölken behövs till skolmaten. *Upsala Nya tidning*. Insändare. Publicerad 2014-11-11. (bearbetad)

En karta över en ö. Kartan och frågorna anpassade från IEA Reading Literacy Study. 1990. International Association for the Evaluation of Educational Achievement (IEA). The Hague: International Association for the Evaluation of Educational Achievement (IEA), IEA Secretariat.

Harrison, Dick, 2014. Hur länge har vi ätit potatischips? Historiebloggen. *Svenska Dagbladet* <http://blog.svd.se/historia/2014/09/28/hur-lange-har-vi-atit-potatischips/?fromMobile=true> Publicerad 2014-09-28. Hämtad 2014-10-19. (bearbetad)

Moström, Jerker, 2013. Världens städer växer allt snabbare. SCB. Statistiska centralbyrån. http://www.scb.se/sv/_Hitta-statistik/Artiklar/Vardens-stader-vaxer-allt-snabbare/# Publicerad 2013-10-10. Hämtad 2015-01-08. (utdrag)

Paulsson, Jonas, 2014. Ge barnen havremjolk i stället. *Upsala Nya Tidning*. Insändare. Publicerad 2014-11-04. (bearbetad)

Åström, Karin, 2001. Skorpionen – ett spindeldjur med gadd. I: S. Andersson, K. Åström & S. Rune. *Boken om världen*. Stockholm: Liber. (Utdrag)

Myndir

Lejonet och räven. Eriksson, Inga-Karin, 1993. I: K. Aronsson & S. Ottosson; illustrationer I-K Eriksson & M. Korotyńska, *Min läsebok Blå rosen*. 2. uppl. Stockholm: Liber.

Fotografi på skorpion. Hämtad 2015-06-24
[https://upload.wikimedia.org/wikipedia/commons/6/6d/Emperor_scorpion_or_Imperial_scorpion_\(Pandinus_imperator\).jpg](https://upload.wikimedia.org/wikipedia/commons/6/6d/Emperor_scorpion_or_Imperial_scorpion_(Pandinus_imperator).jpg)

Fotografi på potatischips. Hämtad 2015-02-03
https://pixabay.com/p-476359/?no_redirect

¹Att IEA:s skrifter, studiematerial och undersökningar med organisationens tillstånd får användas för forsknings- och utbildningsändamål ska inte tolkas som att IEA medverkat i eller godkänt någon del av forskningen, eller rapporteringen kring den, eller de utbildningsprogram vari materialet används.